



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2015.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (markmið, stjórnábyrging og almenn ákvæði). 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 393. - 322. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Frumvarpið er liður í heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Er því m.a. ætlað að gera lögini skýrari með því að skilja frá kafla laganna sem fjallar um slysatryggingar sem og að uppröðun ákvæða um stjórnábyrging er breytt og ákvæði um markmið og skilgreiningar á hugtökum koma ný inn. Enn fremur eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum laganna.

MRSÍ telur flestar breytingarnar jákvæðar og geta stuðlað að skýrleika laganna.

MRSÍ vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri;

Um e-lið 1. gr. (5. gr.):

Þar er fjallað um réttindi ef tryggður einstaklingur skv. lögnum flyst erlendis í ákveðinn tíma. Telur MRSÍ að sú takmörkun að námsmaður geti aðeins haldið réttindum sínum í fimm ár án undantekninga takmarki rétt nemenda sem af einhverjum ástæðum, s.s. vegna fötlunar eða veikinda, þurfa lengri tíma til að ljúka námi sínu. Er slíkt ekki í samræmi við 5. tl. 24. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þar segir að aðildarríkin eigi að tryggja að fatlaðra fái notið viðeigandi aðlögunar til þess að þeim sé gert kleift að stunda almennt nám á háskólastigi. Rétt væri að hafa möguleika á að sækja um undanþágu frá þessari almennu reglu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til að koma til móts við einstaklinga með fötlun eða þá sem stríða við veikindi.

Um 11. gr. (50. gr.):

MRSÍ telur ákvæðið varhugavert og að það fari í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. MRSÍ telur það óeðlilegt og ekki samræmast 72. gr. stjórnarskrárinnar að réttindi sem að tilheyra ákveðnum einstaklingi skv. lögum um almannatryggingar sé hægt að greiða öðrum aðilum en honum sjálfum vegna þess að hann notar þær greiðslur í öðrum



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

tilgangi en felst í ákvæðum almannatryggingalaga. MRSÍ telur að ríkið geti ekki skipt sér af því í hvað einstaklingur eyðir sínum peningum í hvort sem þeir eru sjálfsaflafé eða lífeyrisgreiðslur. Í umsögn Tryggingastofnunar Ríkisins um ofangreint frumvarp segir að TR hafi ekki nýtt sér þessa heimild þar sem stofnunin telji vafa leika á að hún samrýmist mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Telur MRSÍ augljóst að ákvæði sem að er slíkum vafa undirorpið þjóni engum tilgangi að hafa í lögum og leggur til að ákvæðið verði felld út úr frumvarpinu.

Um 16. gr. (56. gr.)

MRSÍ bendir á að ekki er tryggt algert jafnræði með föngum með því að lífeyrisgreiðslur fanga falli niður við afplánun, þar sem vinna sem föngum stendur til boða í fangelsum landsins er að miklum meirihluta þess eðlis að fyrir einstakling með skerta starfsgetu getur verið erfitt eða jafnvel ómögulegt að stunda hana. Því hvetur MRSÍ til þess að kannað verði hvort ekki sé rétt að löggin geri ráð fyrir að taka meggi tillit til slíkra tilvika og gera ráð fyrir möguleika á einhverjum greiðslum til fanga sem ekki eru færir um að stunda vinnu í fangelsum landsins.

Um 18. gr. (58. gr.)

MRSÍ telur að fyrirhuguð breyting á ákvæðinu gæti haft takmarkandi áhrif á þær greiðslur sem einstaklingur fær skv. lögunum. Væri rétt að ákvæðið innihéldi fyrirvara um að ákvæði fjölþjóðasamninganna mættu þó aldrei tryggja einstaklingi lakari réttindi en hefði hann verið búsettur hér á landi.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur